



Hafnarfjarðarkaupstaður
Anne Steinbrenner
Strandgötu 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
Iceland

Garðabær, 27.5.2025

Málsnúmer: 202504-0045

L.Á.

Efni: Breyting á deiliskipulagi Kapelluhrauns, 2. áfangi

Vísað er í tölvubréf frá Hafnarfjarðarkaupstað sem barst gegnum Skipulagsgátt 17. apríl 2025 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um breytingu á deiliskipulagi Kapelluhrauns, 2. áfanga.

Í breytingunni felst stækkun deiliskipulagssvæðis yfir svæði sem var ætlað fyrir fyrirhugaða legu Reykjanesbrautar milli áfanga 1 og 2 í Kapelluhrauni. Innan deiliskipulagssvæðisins verða nýjar iðnaðarlóðir og í suðurhluta þess verður til nýtt gatnakerfi. Breyting verður m.a. varðandi flokkun atvinnustarfsemi og á bílastæðaskilmálum. Nauðsynlegt er að breyta skipulagsafmörkun Kapelluhrauns 1. áfanga og auglýsa breytinguna samtímis.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagsbreytingar Kapelluhrauns. Náttúrufar innan skipulagssvæðisins einkennist af nútímahraunum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum (nr. 60/2013), en yfirborð þeirra er í dag að mestu leiti raskað. Náttúrufræðistofnun mælist til að Hafnarfjarðarkaupstaður seti vestur-útmörk iðnaðarsvæðisins við fyrirhugaðan tengiveg sem á að liggja frá Reykjanesbraut til suðurs og hugi að verndun náttúru- og menningarminja vestan við tengivegin og iðnaðarsvæðið í Kapelluhrauni.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagsbreytingar í Kapelluhrauni.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur